

Miðvikudaginn 9. september 1992.

Nr. 179/1991. **Orkubú Vestfjarða**

gegn

**Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar,  
Gunnari og Ebeneser hf.,  
bæjarfógetanum á Akranesi,  
Vátryggingafélagi Íslands hf. og  
Búnaðarbanka Íslands.**

Kærumál. Nauðungaruppboð. Uppboðsafsal.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. mars 1991. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu hefur eftir 1. júlí sl. verið farið með málið sem kærumál. Sóknaraðili gerir þær kröfur, að uppboðsafsal bæjarfógetans á Akranesi 18. janúar 1991 á bifreiðinni Í-4402 og úthlutun á uppboðsandvirði bifreiðarinnar verði úr gildi felld og viðurkennt verði með dómi, að fjárnámskrafa kæranda á 2. veðrétti í bifreiðinni, 241.709,45 krónum, hafi forgangsrétt til uppboðsandvirðisins á undan haldsréttarkröfu varnaraðila Bifreiðastöðvar Þórðar Þ. Þórðarsonar, 186.432 krónum, og lögveðskröfu ríkissjóðs vegna bifreiða- og kílógjalds, 55.844 krónum.

Varnaraðilinn Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar krefst þess, að fyrrgreint uppboðsafsal og úthlutunargerð verði staðfest og sóknaraðili dæmdur til að greiða sér kærumálskostnað.

Af hálfu varnaraðila innheimtumanns ríkissjóðs, nú sýslumannsins á Akranesi, er þess krafist aðallega, að við úthlutun uppboðsandvirðis bifreiðarinnar Í-4402 verði viðurkennt, að lögveðskrafa hans, 70.768 krónur, komi til úthlutunar næst á eftir uppboðskostnaði og þar með á undan öðrum kröfum og veðum, sem á bifreiðinni hvíla. Til vara krefst hann þess, að uppboðsafsalið verði staðfest og sá þáttur úthlutunargerðar á uppboðsandvirði, er varðar

úthlutun á 55.844 krónum til hans. Í báðum tilvikum er krafist kærumsáskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðilinn Vátryggingafélag Íslands hf., sem tekið hefur við rekstri Samvinnutrygginga gt., tekur undir þá kröfu sóknaraðila, að uppboðsafsalið og úthlutunargerðin verði úr gildi felld og viðurkenndur forgangsréttur fjárnámsveðhafa til uppboðsandvirðis bifreiðarinnar Í-4402.

Varnaraðilinn Búnaðarbanki Íslands tekur undir kröfur sóknaraðila og krefst þess jafnframt, að úthlutun fari fram að nýju, þar sem honum gefist kostur á að koma kröfum sínum að.

Ekki hafa borist kröfur frá öðrum varnaraðilum. Hins vegar hafa borist athugasemdir uppboðshaldarans á Akranesi við greinargerð sóknaraðila.

## I.

Hinn 21. nóvember 1986 sendi Arnar G. Hinriksson héraðsdómslögmaður fyrir hönd sóknaraðila bæjarfógetanum á Ísafirði kröfu um nauðungarsölu á bifreið varnaraðila Gunnars og Ebenesers hf., Í-4402, ásamt annarri bifreið og fasteign hans. Grundvöllur beiðinnar var fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Ísafjarðar 14. október 1986. Bæjarfógetinn á Ísafirði framsendi uppboðsbeiðnina bæjarfógetanum á Akranesi 15. maí 1990, þar sem uppboðspoli hafði upplýst, að umrædd bifreið væri þar.

Mál þetta var tekið fyrir í uppboðsrétti Akraness 30. nóvember 1990 af Jóni Vilberg Guðjónssyni, fulltrúa bæjarfógeta. Segir í bókun, að til uppboðsins hafi verið boðað með auglýsingu í Skagablaðinu 22. sama mánaðar. Í réttinum mættu Sigurbjörn Guðmundsson vegna Arnars G. Hinrikssonar héraðsdómslögmanns og Tryggvi Bjarnason héraðsdómslögmaður vegna varnaraðila Bifreiðastöðvar Þórðar Þ. Þórðarsonar. Lagði hann fram bréf, dagsett sama dag, þar sem lýst var haldsrétti í áður nefndri bifreið vegna kröfu um geymslukostnað vegna hennar frá 15. nóvember 1988, samtals að fjárhæð 186.432 krónur. Var þess krafist í bréfinu, að fjárhæð þessi yrði greidd af uppboðsandvirði bifreiðarinnar.

Í veðbókarvottorði bifreiðarinnar, sem lagt var fram á uppboðsþinginu, kom fram, að þinglýst hafði verið tveimur fjárnámsgerðum á bifreiðina auk fjárnáms sóknaraðila, þ. e. fjárnámi Samvinnu-

trygginga gt. 20. maí 1983 vegna kröfu, að fjárhæð 20.994,35 krónur, og fjárnámi Búnaðarbanka Íslands 14. október 1987 vegna kröfu, að fjárhæð 191.849,10 krónur.

Um nauðungarsömluna sjálfa var eftirfarandi bókað í uppboðsbók:  
„Fram komu eftirtalin boð:

Hæstbjóðandi: Þórður Þórðarson f. h. Bifreiðastöðvar Þ.Þ.Þ., 260.000 kr., - og krefst útlagningar, ef skilyrði eru fyrir hendi.

Næsthæstbjóðandi: Sigurbjörn Guðmundsson f. h. Arnars G. Hinrikssonar hdl., 250.000 kr., - og krefst útlagningar, ef skilyrði eru fyrir hendi.

Fleiri boð komu ekki fram.“

Uppboðshaldari gaf út uppboðsafsal 18. janúar 1991 til hæstbjóðanda, og samkvæmt því skyldi uppboðsandvirði úthlutað þannig:

A. Uppboðskostnaður	38.513 krónur.
B. Haldsréttarkrafa Bifreiðastöðvar Þ.Þ.Þ.	186.432 krónur.
C. Lögveðskrafa ríkissjóðs vegna bifreiða- og kílógjalds	55.844 krónur.
Samtals	280.789 krónur.

Ekkert skyldi því samkvæmt þessu greiða til framangreindra fjárnámshafa.

## II.

Haldsréttarkrafa sú, sem lýst var við nauðungarsölu bifreiðarinnar Í-4402 30. nóvember 1990, er sögð byggð á geymslu bifreiðarinnar hjá varnaraðilanum Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar frá 15. nóvember 1988 til uppboðsdags. Í málinu nýtur engra annarra gagna en ófullkominnar reikningsgerðar vegna þessarar geymslu, og ekkert liggur fyrir um það, hvernig til hennar var stofnað. Er krafan því mjög vanreifuð. Þrjú eldri aðfararveð hvíldu á bifreiðinni, og er ljóst, að a. m. k. tveir veðhafanna, sem ekki áttu fulltrúa við uppboðið, vissu ekki af haldsréttarkröfunni. Verður og ekki séð af gögnum málsins, að þessum veðhöfum hafi verið tilkynnt um uppboðið, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sem þá voru í gildi. Álitamál hlaut að vera, hvernig með kröfu þessa skyldi fara, og líkur á, að ágreiningur yrði um réttmæti hennar gagnvart öðrum veðkröfum, ef eigendum þeirra hefði gefist kostur

á að taka afstöðu til hennar. Bar, eins og hér stóð á, brýna nauðsyn til, að uppboðshaldari gerði veðhöfum grein fyrir hugmyndum sínum um úthlutun uppboðsandvirðis. Þar sem þessa var ekki gætt, er óhjákvæmilegt að fella áðurgreint uppboðsafsál og úthlutunargerð úr gildi.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Felld eru úr gildi uppboðsafsál uppboðshaldarans á Akranesi og úthlutun hans á uppboðsandvirði bifreiðarinnar Í-4402 frá 18. janúar 1991.

---